

Fundargerð

11. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 19. apríl 2005, kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, verkefnisstjóri landsliðsmála, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og formaður íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1) Fundargerðir

- a) Fundargerð 10. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.
- b) Drög að fundargerð frá "Nordic Congress" í Madríd, 3. mars sl., lögð fram.

2) Fjármál og rekstur

- a) Samstarfssamningur um ferðamál FRÍ. Samþykkt að Unnur gangi frá samningi við ÚÚ.
- b) Merkisberaverkefni FRÍ. Rætt og samþykkt að halda áfram með verkefnið.
- c) Samningar við starfsfólk. Samningur við framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra landsliðs liggja fyrir til undirritunar. Unnið að samningi við markaðsstjóra.

3) Móta- og íþróttamál

- a) Málefni landsliðs og keppnisferðir 2005.
Samþykkt endurskoðuð áætlun um þátttöku og hámarkskostnað vegna fyrirhugaðra keppnisferða á árinu 2005, dagsett 9. apríl sl.
Sigurbjörn greindi frá vali á landsliðshópi FRÍ og lagði fram áætlun um æfingar- og fundi fyrir hópinn á næstu vikum til undirbúnings fyrir verkefni sumarsins, m.a. æfingabúðir á Laugarvatni 13.-14. maí nk. Samþykkt að hann leggi fram áætlun um kostnað og gjaldkeri og framkvæmdastjóri taki ákvörðum um hlutdeild FRÍ í kostnaði.
- b) Sigurbjörn Árni lagði fram tillögu um eftirfarandi einstaklinga í Íþrótt- og afreksnefnd FRÍ, en Sigurbjörn gegnir starfi formanns nefndarinnar, samkv. ákvörðun stjórnar: Fríða Rún Þórðardóttir, Jón Sævar Þórðarson, Sigurður Haraldsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir. Samþykkt.
- c) Fararstjórar og þjálfarar í ferðum á vegum FRÍ 2005.
Íþrótt- og afreksnefnd falið að skila tillögum um þjálfara í ferðum á vegum FRÍ fyrir næsta fund stjórnar.
- d) Óúthlutað mót 2005:
Bikarkeppni FRÍ, 1. og 2. deild, MÍ í 10000m karla og 5000m kvenna, MÍ í Maraboni og ½ marabonhlaupi.
Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi bréf til sambandsaðila, sem aðstöðu hafa til að halda ofangreind mót og óski eftir umsóknum um að halda mótin fyrir 1. maí nk.
- e) Yfirdómarar á mótum 2005. Tækninefnd er með málið í vinnslu og skilar tillögum um yfirdómara fyrir næsta fund stjórnar.
- f) Drög að mótaskrá 2006.

Lögð fram drög að mótaskrá 2006. Framkvæmdastjóri sendi drögin til sambandsaðila til umsagnar og kynningar.

- g) Hlaupaskrá FRÍ 2005. Samþykkt að ekki verði gefin út sérstök skrá yfir götu- og víðavangshlaup, heldur verði upplýsingar um hlaupin frá sambandsaðilum inni mótaskrá FRÍ, eins og aðrir frjálsíþróttaviðburðir.

4) Lagt fram

- a) Ársskýrsla UMSB 2004 lögð fram.
- b) Ársskýrsla HSK 2004 lögð fram.
- c) Sigurður Gunnarsson, kt. 210282-4759 tilkynnir félagaskipti úr Breiðabliki (UMSK) í Umf. Ármann (USVS). Fékk réttindi með Umf. Ármanni 5. apríl sl.
- d) Punktur frá stjórnarfundum EAA um sl. helgi í Ljubjana í Slóveníu lagðir fram.

5) Innsend erindi/mál

- a) Boð á þing ÍBH. þann 23. apríl nk. Framkvæmdastjóri sendi skeyti til ÍBH.
- b) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 14. apríl sl., með upplýsingum um styrk frá Ólympíusamhjálpinni. Framkvæmdastjóri og unglíngalandsliðsþjálfari skoði málið og hafi samband við ÍSÍ vegna frekari upplýsinga og umsókn um viðkomandi styrk.
- c) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 14. apríl sl., tilkynning um að FRÍ fái tvo fríflugmiða vegna þings IAAF í Helsinki, sem formaður og Birgir Guðjónsson formaður tækninefndar sækja.

6) Önnur mál

- a) Mótaþing EAA í Reykjavík í haust. Nefndin hittist á sínum fyrsta fundi í sl. viku. Rætt var um neikvæða gengisþróun gagnvart samningi um hótélkostnað milli FRÍ og EAA. Fram kom að gjaldkeri EAA hafi tekið jákvætt í að hækka verð á hótélum í samtali við formann um sl. helgi til samræmis við gengisþróun.
- b) Rætt um tilkynningar til félaga/sambanda varðandi val á landsliðshópum og úrvalshópi/afrekshópi unglínga, vegna kvörtunar frá sambandsaðila um viðkomandi mál. Skrifstofan skal sjá um að senda viðkomandi félögum/samböndum allar upplýsingar, eftir að valið hefur verið í þessa hópa.

Fundi slitið kl. 22:10

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.